

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna aðgerða gegn skattundanskotum og skattsvikum
(hert skatteftirlit og skattrannsóknir, aukin upplýsingaöflun o.fl.).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og fastar starfsstöðvar félaga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.
- b. Á eftir orðunum „dótturfélög“ og „dótturfélagi“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: eða fasta starfsstöð; og: eða lokun fastrar starfsstöðvar.
- c. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Tap í fastri starfsstöð skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. er aðeins frádráttarbært hjá íslensku félagi að ekki sé unnt að jafna tapið hjá erlendu félagi föstu starfsstöðvarinnar.

II. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „starfsmannaleigan“ í 3. mgr. kemur: eða annar aðili sem leigir út vinnuafl.
- b. Á eftir orðinu „Starfsmannaleiga“ í 1. og 2. másl. 4. mgr. kemur: eða annar aðili sem leigir út vinnuafl.
- c. Á eftir orðinu „starfsmannaleigu“ í 3. másl. 4. mgr. kemur: eða annars aðila sem leigir út vinnuafl.

III. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 5. gr. A laganna kemur ný grein, 5. gr. B, svohljóðandi:

Erlent atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, getur valið á milli almennrar skráningar skv. 5. gr. eða einfaldrar

skráningar vegna skila á virðisaukaskatti hér á landi samkvæmt þessari grein. Einföld skráning skal fara fram í rafrænu skráningarkerfi á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Erlendu atvinnufyrirtæki sem selur hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi og erlendum ferðaþjónustuaðila sem selur virðisaukaskattsskylda þjónustu hingað til lands er heimilt að skrá sig með einfaldri skráningu ef salan á sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja.

Erlendu atvinnufyrirtæki sem skráir sig með einfaldri skráningu skal ekki heimilt að færa virðisaukaskatt af aðföngum sínum til innskatts samkvæmt ákvæðum 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. skulu á sama hátt taka til umboðsmanna og annarra þeirra aðila sem eru í fyrirsvari fyrir erlend atvinnufyrirtæki.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um skilgreiningu á hugtökum og um uppgjör, tilhögun bókhalds og tekjuskráningu, gjalddaga, kærur, form og efni sölureikninga, gengisviðmið o.fl.

IV. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Við 6. tölul. 1. mgr. bætast fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Liggi leiguverð hóp-bifreiðar ekki fyrir skal þó ákvarða áætlaða leigu sem 1/60 hluta meðaltollverðs innfluttra hóp-bifreiða sem flokkast hafa í sama tollskrárnúmer síðastliðin þrjú ár fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu tækis til landsins. Meðaltollverðið skal birt með auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda ár hvert. Aðflutningsgjald af hóp-bifreiðum skal innheimt við komu hóp-bifreiðar til landsins miðað við áætlaða tímalengd notkunar hennar hér á landi. Reynist notkunartíminn annar skal sú fjárhæð aðflutningsgjalda sem á milli ber innheimt við brottför bifreiðarinnar frá landinu.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:
Hafi tollur af ökutæki verið felldur niður vegna tímabundinnar notkunar þess hér á landi er heimilt án undanfarandi skoðunar að fjarlægja skráningarkerki þess hafi notkunin varað lengur en heimilt er eða þegar að öðru leyti hefur verið farið gegn skilyrðum niðurfellingarinnar. Leita má aðstoðar lögreglu við framkvæmdina. Skráningarkerkið skal ekki afhenda aftur fyrr en tollurinn hefur verið greiddur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði 1. gr. gildi og kemur til framkvæmda 1. janúar 2019.

Ákvæði 3. gr. kemur til framkvæmda 1. júlí 2019.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Um er að ræða ýmsar nauðsynlegar breytingar á skattalöggjöf, m.a. vegna aðgerða gegn skattundanskotum og skattsvikum, auk fleiri breytinga sem aðallega tengjast skattlagningu lögaðila en þó einnig einstaklinga. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og tollalögum, nr. 88/2005.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum á sviði skattamála sem byggðar eru á tillögum þriggja starfshópa sem skiluðu skýrslum til fjármála- og efnahagsráðherra sumarið 2017 um aðgerðir gegn skattundanskotum og skattsvikum. Er hér um að ræða skýrslur um umfang skattundanskota og tillögur til aðgerða, um milliverðlagningu og faktúrufölsun og skattskyldu af erlendri ferðaþjónustustarfsemi á Íslandi. Tillögur starfshópanna eru margar og af margvíslegum toga og er í fyrsta áfanga gert ráð fyrir því að gerðar verði breytingar sem snúa að heimild erlendra atvinnufyrirtækja, þ.m.t. ferðaþjónustuaðila, sem eru virðisauka-skattsskyldir hér á landi til að skrá sig og skila virðisaukaskatti í gegnum einfaldað rafrænt skráningarkerfi og heimild tollstjóra til að fjarlægja skráningarkerki ökutækis hafi ekki verið staðin skil á lögbundnum aðflutningsgjöldum bifreiðar. Þá felur frumvarpið í sér breytingar vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem varða samsköttun félaga. Í frumvarpinu eru einnig tillögur um breytingu á skilaskyldu launagreiðanda á staðgreiðslu af launum í tengslum við útleigu á vinnuafli. Þörf er á að skilgreina enn frekar ábyrgð launagreiðanda á staðgreiðsluskilum starfsmanna starfsmannaleigu eða annars aðila sem leigir út vinnuafli vegna starfa þeirra hér á landi. Þá er gert ráð fyrir því að tollstjóri fái almenna heimild til þess að fjarlægja skráningarkerki ökutækis ef fyrir liggur að aðili, jafnt innlendir sem erlendir, hefur ekki staðið skil á lögbundnum aðflutningsgjöldum bifreiðar hér á landi. Þá er þar jafnframt að finna tillögu um að sett verði stöðluð gjaldskrá um greiðslu aðflutningsgjalda vegna tímabundins innflutnings erlendra hóp bifreiða til landsins, eða annarra ökutækja sem nota á til atvinnurekstrar, í stað þess að útreikningur eigi sér stað út frá áætlaðri leigu miðað við 1/60 hluta tollverðs. Fyrir liggur að áfram verður unnið með tillögur starfshópanna sem sumar hverjar krefjast lengri tíma til úrvinnslu.

3. Meginefni frumvarpsins.


3.1. Samsköttun félaga.

Lagðar eru til breytingar á 55. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með því að föstum starfsstöðvum félaga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, sem staðsettar eru hér á landi, verði heimil samsköttun með innlendum samstæðufélögum. Breytingartillagan er lögð fram í því skyni að koma til móts við álit ESA frá 7. apríl 2016 um að íslenskar reglur um samsköttun félaga brjóti í bága við 31. og 40. gr. EES-samningsins um staðfesturétt og frjálst flæði fjármagns, sbr. formlega tilkynningu ESA, dags. 27. mars 2018.

Í frumvarpinu er lagt til að sama frávik eigi við í tilviki fastrar starfsstöðvar og í tilviki dótturfélags, þ.e. að skilyrðið um 90% eignarhald þurfi að hafa varað allt viðkomandi reikningsár, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög eða fasta starfsstöð er að ræða eða slit á dótturfélagi eða lokun fastrar starfsstöðvar.

Þá er að auki lagt til að tap í fastri starfsstöð skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. tekjuskattslaga verði því aðeins frádráttarbært hjá íslensku félagi að ekki sé unnt að jafna tapið hjá erlendu félagi starfsstöðvarinnar.

Eftirfarandi mynd sýnir hvernig breytingin mun virka í framkvæmd:



3.2. Skilaskylda launagreiðanda á staðgreiðslu af launum í tengslum við útleigu á vinnuafl.

Á síðustu árum hefur átt sér stað mikil aukning á flæði vinnuafls innan Evrópusambandsins (ESB) og EFTA-ríkjanna með samningum um alþjóðlega útleigu á vinnuafl (e. international hiring out of labour). Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun en mikil aukning hefur verið á erlendu vinnuafl hér á landi síðustu misseri og ár. Þessi þróun hefur m.a. leitt til þess að vinnuafl frá löndum þar sem lægri laun eru í boði en hér á landi, oft og tíðum frá löndum Austur-Evrópu, hefur leitað vinnu í löndum Vestur-Evrópu, til að mynda á Norðurlöndum og þ.m.t. Íslandi, þar sem hærri laun eru í boði. Þrátt fyrir að fyrir liggja að koma erlends vinnuafls hingað til lands hafi að mörgu leyti haft jákvæð áhrif á vöxt hagkerfisins eru neikvæðir fylgiskilaskylda einnig margir. Í þessu sambandi má nefna að dæmi eru um að laun erlendra starfsmanna séu undir kjarasambundnum lágmarkslaunum. Þá eru mörg dæmi um að erlendir aðilar komi hingað til lands og vinni í verktöku fyrir innlenda aðila. Raunin er hins vegar oft sú að starfsmenn erlendu aðilanna lúta í raun boðvaldi innlendra aðila og eru á allan hátt eins og hverjir aðrir samningsbundnir starfsmenn innlendu aðilanna þegar lítið er til stjórnunar og ábyrgðar þeirra gagnvart hinum erlendu aðilum. Þegar þannig háttar til er í skattaréttarlegum skilningi talað um „gerviverktöku“, þ.e. þegar aðili kemur fram út á við sem verktaki en hefur þegar nánar er skoðað réttarstöðu launþega. Í ljósi þess mikla fjölda erlendra starfsmanna sem komið hefur hingað til lands síðustu misseri liggur fyrir að erfiðleikum er bundið fyrir skatt-yfirvöld að sporna við því hverju sinni að raunverulegt samningssamband launþega sé dulið, ýmist undir formerkjum starfsmannaleigu eða verktöku, þ.m.t. í formi útleigðra starfsmanna. Því má leiða að því líkum að ríkissjóður og sveitarfélög fari á mis við skatttekjur vegna vinnu erlendra manna hér á landi, ásamt því að ekki sé greitt tryggingagjald af launum þessara manna. Þá má ætla að lífeyrissjóðsgreiðslum vegna vinnu þeirra sé ekki haldið eftir og skilað réttilega.

Með lögum nr. 169/2007 voru m.a. gerðar breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, til að bregðast við dómi Hæstaréttar í máli nr. 523/2006 Impregilo SpA, útibú á Íslandi, gegn íslenska ríkinu. Breytingarnar fólu m.a. í sér að ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, var breytt þannig að notandi þjónustu teldist launagreiðandi útleigðra starfsmanna á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafl, en ekki starfs-

mannaleigan, þ.e. ef hún væri ekki með skattalegt heimilisfesti hér á landi. Samhliða þessari breytingu voru einnig gerðar breytingar á lögum um tryggingagjald og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Hugtakið starfsmannaleiga eins og það er sett fram í lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, hefur leitt til þess að skattyfirvöld hafa talið sig bundin af þeim þrönga skilningi sem þar kemur fram þegar kemur að því að skýra hugtakið í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og að hugtakið í skattalegum skilningi ætti einungis við um skráðar starfsmannaleigur sem hafa þann eina tilgang að leigja út starfsmenn. Með þeim breytingum sem lagðar eru nú til, þ.e. að bæta við 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, orðunum „eða annar aðili sem leigir út vinnuafli“, er kveðið skýrar á um skilaskyldu launagreiðanda í þeim tilvikum þegar um er að ræða útleigu á vinnuafli, óháð því hvort útleigan eigi sér stað fyrir tilstilli skráðrar starfsmannaleigu eða annars aðila.

3.3. Einföld skráning fyrir erlend atvinnufyrirtæki – rafræn viðskipti o.fl.

Lagt er til að tekið verði upp hér á landi að norskri fyrirmynd rafrænt skráningarkerfi (e. simplified registration scheme) fyrir erlend atvinnufyrirtæki sem selja öðrum en atvinnufyrirtækjum hér þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu. Markmið breytingarinnar er að einfalda innheimtu og skil á virðisaukaskatti fyrir erlend atvinnufyrirtæki hér á landi, í samræmi við tillögur OECD um kosti einfaldaðs skráningarforms vegna sölu á rafrænni þjónustu milli landa, sbr. m.a. skýrslu OECD um árangursríka innheimtu virðisaukaskatts, frá 24. október 2017 (e. Mechanisms for the Effective Collection of VAT/GST). Markmiðið er þannig að takmarka þær skattalegu kröfur sem gerðar eru til erlendra atvinnufyrirtækja vegna sölu á tiltekinni þjónustu til einstaklinga og þeirra aðila sem stunda ekki atvinnurekstur hér á landi. Með breytingunni verða skatttekjur ríkissjóðs enn betur tryggðar og samkeppnisstaða innlendra og erlendra aðila bætt.

Samhliða þeirri breytingu er einnig lagt til að þeim erlendu atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi sem og þeim erlendu ferðaþjónustuaðilum sem selja virðisaukaskattskylda þjónustu hingað verði jafnframt heimilað að skrá sig með einfaldri skráningu að því gefnu að salan eigi sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi. Með hugtakinu atvinnufyrirtæki er átt við fyrirtæki sem hefur með höndum atvinnurekstur, þ.e. stundar sjálfstæða starfsemi reglubundið í vissu umfangi í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði.

Lagt er til að einföld skráning fari fram út frá rafrænu skráningarkerfi ríkisskattstjóra. Innleiðing rafræns skráningarkerfis líkt og lagt er til í frumvarpi þessu mun að öllu óbreyttu leiða til aukinnar skilvirkni og fyrirsjáanleika fyrir erlend atvinnufyrirtæki. Í þessu sambandi má til að mynda nefna að eðli rafrænnar þjónustu er að atvinnufyrirtæki geta veitt fjölda kaupenda í mismunandi löndum þjónustu án þess að vera með heimilisfesti eða fasta starfsstöð í þeim löndum þar sem að kaupendur þjónustunnar hafa búsetu. Þetta leiðir til þess að atvinnufyrirtæki sem stunda milliríkjavíðskipti eru oft skuldbundin til þess að standa skil á virðisaukaskatti í mörgum löndum þrátt fyrir að vera ekki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð í löndum kaupenda þjónustunnar. Til að greiða fyrir auknum einfaldleika og alþjóðlegum viðskiptum þegar um er að ræða rafræn viðskipti yfir landamæri er í frumvarpi þessu lögð til upptaka einfalds skráningarkerfis hér á landi. Innan ESB hefur um árábil verið í gildi rafrænt skráningarkerfi fyrir erlend atvinnufyrirtæki utan sambandsins sem selja neytendum innan sambandsins þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu (e. Mini One Stop Shop MOSS – Non Union Scheme), til einföldunar fyrir erlend atvinnufyrirtæki. Í nóvember 2016 gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu þar sem árangur einfaldaðs skráningar-

kerfis og innheimtu virðisaukaskatts vegna rafrænnar þjónustusölu innan sambandsins var metinn. Niðurstaðan var sú að „MOSS“ skráningarkerfið hefði reynst vel.

Sambærilegt skráningarkerfi og lagt er til að tekið verði upp hér á landi ber heitið „VOES“ (e. VAT on Electronic Services) og var tekið upp í Noregi í júlí 2011. Það kerfi nær þó eingöngu til rafrænnar þjónustu, þ.m.t. fjarskiptaþjónustu. Í frumvarpi þessu er þó jafnframt lagt til að þeim erlendu aðilum sem hafa með höndum sölu hingað til lands á blöðum og tímaritum í áskrift á pappírformi sem og þeim erlendu ferðaþjónustuaðilum sem selja virðisaukaskatts-skylda ferðaþjónustu erlendis frá hingað til lands gefist einnig kostur á að nýta sér einfaldaða skráningu og skila virðisaukaskatti út frá slíkri skráningu hér á landi. Skilyrði fyrir einfaldri skráningu erlendra atvinnufyrirtækja skal þó ávallt vera það að salan eigi sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi (e. Business to Consumer – B2C). Þá má nefna að Nýja-Sjáland tók upp slíkt kerfi 1. október 2016 vegna skráningar og innheimtu á vöru og þjónustu-skatti (e. Goods and Services Tax – GST tax) vegna sölu á þjónustu sem hægt er að veita yfir landamæri (e. remote services). Einnig má nefna að Ástralía tók upp sambærilegt kerfi og Nýja-Sjáland 1. júlí 2017.

3.4. Niðurfelling tolls vegna ökutækja til tímabundinnar notkunar hér á landi.

Samfara auknum fjölda ferðamanna á Íslandi hefur ökutækjum sem flutt eru inn til að nota tímabundið hér á landi fjölgað umtalsvert. Nokkur hluti ökutækjanna er fluttur inn til nota í atvinnurekstri, m.a. í ferðaþjónustu, og þá einkum hópbifreiðar, en önnur ökutæki eru að jafnaði flutt inn til persónulegra nota. Hið aukna umfang skapar ýmis álitamál er snúa að aðflutningsgjöldum og tollafríðindum. Umfang eftirlits með því að skilyrði tímabundins innflutnings séu uppfyllt hefur aukist umtalsvert samfara auknum innflutningi. Flest ökutækjanna eru flutt inn með ferju í áætlanasiglingum, þ.e. ferjunni Norrænu sem kemur til hafnar á Seyðisfirði. Aðstæður við tollafríðislu ökutækjanna eru þannig að hún þarf að eiga sér stað á skömmum tíma. Af þeim sökum eru möguleikar tollyfirvalda til ítarlegrar tollmeðferðar takmarkaðir að ákveðnu leyti. Innlendir atvinnurekstraraðilar í ferðaþjónustu hafa talið sig verða þess áskynja að samkeppnisaðilar nýti ökutæki hér á landi lengur en þeim er heimilt á grundvelli undanþága vegna tímabundinna nota eða jafnvel í trássi við önnur skilyrði slíkra undanþága. Í þeim tilvikum þegar farið hefur verið gegn skilyrðunum hafa tollyfirvöld átt á brattann að sækja við að rannsaka og undirbúa töku ákvarðana um álagningu aðflutningsgjalda. Þá hefur borið við að innheimta slíkra aðflutningsgjalda hafi borið takmarkaðan árangur enda ekkert sem kemur í veg fyrir að ökutækin verði flutt úr landi þrátt fyrir tilvist slíkrar skuldar. Þessi staða fer gegn hagsmunum hins opinbera og sjónarmiðum um skilvirka og góða innheimtu aðflutningsgjalda og skekkir samkeppnisstöðu í atvinnurekstri hér á landi. Í skýrslu starfshóps um skattskyldu af erlendra ferðaþjónustustarfsemi á Íslandi frá 13. júlí 2017 er m.a. sett fram tillaga um að gerð verði breyting á reglugerð nr. 630/2008, um ýmis tollfríðindi, þess efnis að tollstjóri fái almenna heimild til þess að fjarlægja skráningarkerfi ökutækis ef fyrir liggur að aðili, jafnt innlendir sem erlendir, hefur ekki staðið skil á lögbundnum aðflutningsgjöldum bifreiðar hér á landi. Þá er þar jafnframt að finna tillögu um að sett verði stöðluð gjaldskrá um greiðslu aðflutningsgjalda vegna tímabundins innflutnings erlendra hópbifreiða til landsins, eða annarra ökutækja sem nota á til atvinnurekstrar, í stað þess að útreikningur eigi sér stað út frá áætlaðri leigu miðað við 1/60 hluta tollverðs. Er frumvarpinu ætlað að tryggja að tillögunum verði fengin traust lagastöð.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á tollfríðindum hópbifreiða sem fluttar eru til landsins tímabundið þegar bifreið er ekki flutt úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð við innflutning. Í stað þess að aðflutningsgjöld sem greiða ber af bifreiðunum geti numið

tilteknum hluta af áætlaðri leigu sem tekur mið af tollverði bifreiðar taki hin áætlaða leiga mið af meðaltollverði innfluttra hópibifreiða sem flokkast hafa í sama tollskrárnúmer síðastliðin þrjú ár.

Í öðru lagi er í frumvarpinu tillaga þar sem gert er ráð fyrir því að tollyfirvöldum verði heimilað að fjarlægja skráningarkerki af ökutækjum sem hafa verið flutt inn á grundvelli tollfríðindaákvæða 4. og 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga. Þau ákvæði heimila tímabundna niðurfellingu tolls vegna ökutækja sem nota á tímabundið hér á landi.

Við innflutning og framleiðslu ökutækja hér á landi er skylt að greiða aðflutningsgjöld, m.a. vörugjald, virðisaukaskatt og úrvinnslugjald. Af þeim vega vörugjald og virðisaukaskattur jafnan þyngst. Skyldan til greiðslu vörugjalds, sem nær til nýrra og notaðra ökutækja, hvílir á innflytjendum hvort sem innflutningurinn er gerður til endursölu eða til eigin nota. Skyldan til greiðslu virðisaukaskatts nær til allra vara, nýrra og notaðra, þ.m.t. ökutækja. Við innflutning á vöru er virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð. Á grundvelli ákvæða 4. og 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, hafa vörugjöld og virðisaukaskattur verið felld niður við innflutning á ökutækjum sem nota á tímabundið hér á landi. Þeim sem slíkar heimildar njóta er því heimilt að flytja inn ökutæki til nota hér á landi um nokkra hríð án þess að skylda til greiðslu gjalda myndist. Þannig getur tímabundin niðurfelling aðflutningsgjalda átt við um eftirfarandi ökutæki:

- bifreiðar skráðar erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum ætli eigandi sér að dveljast hér ár eða skemur,
- eftirvagnar skráðir erlendis verði þeir nýttir til flutnings vöru til og frá landinu,
- hópibifreiðar sem fluttar eru inn vegna hópferðalaga um landið enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreið var ætluð í upphafi,
- tengitæki, svo sem hjólhýsi og tjaldvagnar, eða önnur ökutæki sem ferðamenn flytja til landsins til nota ferðamanns í allt að 12 mánuði,
- bifreiðar skráðar erlendis í eigu vinnuveitanda með staðfestu í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum til atvinnunota starfsmanns sem hér starfar tímabundið, þó ekki lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili,
- fólksbifreiðar í eigu ökutækjaleigu sem er skráð í EES- eða EFTA-ríki eða í Færeyjum til nota leigjanda hér á landi í 42 daga á ári hverju, bifreiðin fellur undir ívilnunina ef fleiri en einn leigjandi nýtir hana í skemmri tíma en 42 daga en þó ekki lengur en 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili, og
- stærri tæki, þ.m.t. ökutæki til fólks- og/eða vöruflutninga eða sérstakra nota, þó ekki lengur en í 12 mánuði.

Tollfríðindi síðastnefndu ökutækjanna felast ekki í niðurfellingu aðflutningsgjalda heldur ber innflytjendum að greiða vörugjald af leiguverði eða áætluðu leiguverði í stað tollverðs sem að meginstefnu endurspeglar viðskiptaverð vöru, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber fyrir ökutæki við sölu til útflutnings til Íslands.

Framangreind tollfríðindaákvæði eru grundvölluð á alþjóðlegum skuldbindingum. Á grundvelli III. hluta EES-samningsins njóta íbúar aðildarríkja samningsins réttar til frjálsrar farar og atvinnu í aðildarríkjunum. Í því felst m.a. að þeim er tryggður réttur til að stunda starfsemi í öllum EES-ríkjunum. Í framkvæmd hafa ákvæði samningsins verið talin tryggja mönnum rétt til tímabundinna nota ökutækja í öðru EES-ríki en heimaríki viðkomandi. Þá hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í gerð yfirlýsinga á vettvangi OECD sem tryggja eiga ferða-

mönnum rétt til að ferðast á ökutækjum milli aðildarlanda stofnunarinnar án þess að skylda til greiðslu aðflutningsgjalda myndist.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta öll ökutæki sem njóta tollfríðinda við innflutning á grundvelli framangreindra ákvæða um tímabundna notkun ökutækja hér á landi. Ef brotið er gegn skilyrðum ákvæðanna myndast ótvíræð skylda til greiðslu aðflutningsgjalda. Til þess að treysta skilvirka innheimtu þeirra er annars vegar lagt til að heimilt verði að fjarlægja skráningarmerki af viðkomandi ökutæki hafi notkun þess varað lengur hér á landi en heimilt er. Gert er að ráð fyrir að skráningarmerkið verði ekki afhent aftur fyrr en tollurinn hefur verið greiddur. Hins vegar er lögð til sú einföldun á innheimtu aðflutningsgjalda á grundvelli áætlaðs leiguverðs hópbifreiða að í stað þess að hið áætlaða leiguverð taki mið af tollverði viðkomandi ökutækis byggist það á fyrirframbirtu meðaltollverði innfluttra hópbifreiða sem flokkast hafa í sama tollskrárnúmer síðastliðin þrjú ár.

Verði frumvarpið samþykkt verða tollyfirvöld færari um að takast á við eftirlit með því að ökutæki sem nota á tímabundið hér á landi uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Þá verður innheimta aðflutningsgjalda einfaldari og skilvirkari.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Þess var gætt við samningu frumvarpsins að efni þess og framsetning samrýmist ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Tillaga um að heimila tollyfirvöldum að fjarlægja skráningarmerki af ökutæki sem hefur verið flutt inn tímabundið ef aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd á réttum tíma kemur inn á svið skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum, einkum ákvæða 28. gr. um frjálsa för vinnuafis. Heimildin beinist hins vegar aðeins að þeim sem hafa brotið gegn skilyrðum heimilda til tímabundins innflutnings ökutækja, hvort sem um innlenda eða erlenda aðila er að ræða.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila. Við gerð frumvarpsins var haft samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og tollstjóra um ákvæði sem varða framkvæmd þeirra ríkisaðila. Þá var frumvarpið kynnt á vettvangi ráðuneytisstjóra og almennings í opinni samráðsgátt ráðuneytanna 28. mars til 13. apríl. Þrjár umsagnir bárust í samráðsgáttina og tvær bárust ráðuneytinu í tölvupósti. Um er að ræða umsagnir frá Deloitte, KPMG, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráði Íslands. Ráðuneytið hefur brugðist við mörgum athugasemdum í frumvarpinu en gert er ráð fyrir að niðurstöður verði birtar í samráðsgáttinni.

6. Mat á áhrifum.

Tillögur frumvarpsins sem snúa að skilaskyldu launagreiðanda á staðgreiðslu af launum í tengslum við útleigu á vinnuafli gera lagaákvæðið skýrara og er til þess fallið að draga úr skattundanskotum og skattsvikum og auka þannig skatttekjur ríkis og sveitarfélaga í einhverjum mæli.

Ákvæði frumvarpsins um að heimild hlutafélaga til samsköttunar nái einnig til fastra starfsstöðva félaga innan Evrópska efnahagssvæðisins gæti hugsanlega haft einhver áhrif á ríkissjóð hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar á tekjum. Í ljósi þess að fram til þessa hefur ekki

reynt á slíka skattlagningu hér á landi er engin leið að spá fyrir um nettóáhrif tillögunnar á tekjuhlíð ríkissjóðs til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að einskiptiskostnaður muni falla til vegna smíði sérstaks skráningarkerfis fyrir einfalda skráningu sem heimiluð verður erlendum aðilum sem selja rafræna þjónustu o.fl. hingað til lands. Áætla má að sá kostnaður nemi um 50–70 millj. kr. Um leið má gera ráð fyrir bættum og skilvirkari skattskilum í framhaldi af upptöku slíks kerfis sem mun veita upp á móti stofnkostnaði við kerfið.

Tillögur um lagabreytingar vegna ökutækja sem nota á tímabundið hér á landi munu einkum kalla á breytingu verklags við tolleftirlit. Tillögunnar munu annars vegar leiða til aukinnar skilvirkni tolleftirlits og hins vegar kalla á vinnu við að fjarlægja skráningarmerki af ökutækjum. Á heildina litið má ætla að áhrif þeirra verði óveruleg.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að föstum starfsstöðvum félaga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, sem staðsettar eru hér á landi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr., verði heimil samsköttun með innlendum samstæðufélögum. Heimildin er bundin þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 55. gr. laganna.

Í b-lið er lagt til að sama frávik eigi við í tilviki fastrar starfsstöðvar og í tilviki dótturfélags, þ.e. að skilyrðið um 90% eignarhald þurfi að hafa varað allt viðkomandi reikningsár, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög eða fasta starfsstöð er að ræða eða slit á dótturfélagi eða lokun fastrar starfsstöðvar.

Í c-lið er lagt til að ný málsgrein komi á eftir 4. mgr. þar sem kveðið er á um að tap í fastri starfsstöð, skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr., sé aðeins frádráttarbært hjá íslensku félagi að ekki sé unnt að jafna tapið hjá erlendu félagi föstu starfsstöðvarinnar. Með því er komið í veg fyrir að sama tapið sé nýtt bæði hjá hinu erlenda félagi og því innlenda.

Um 2. gr.

Lagt er til að í nágildandi 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, verði vísað til annarra aðila sem leigja út vinnuafli til viðbótar við starfsmannaleigur, sbr. „eða annar aðili sem leigir út vinnuafli“. Í framkvæmd hefur ákvæðið verið talið ná til skráðra starfsmannaleiga og ígildis þeirra. Í því ljósi þykir nauðsynlegt að auka skýrleika ákvæðisins þannig að ótvírætt sé að skilaskylda notendafyrirtækis hér á landi sé til staðar þegar um er að ræða útleigu á vinnuafli frá öðrum aðilum en skráðum starfsmannaleigum. Með öðrum aðilum er m.a. átt við einstaklinga, lögaðila, eða aðra aðila sem leigja út vinnuafli til notendafyrirtækis hér á landi, þar sem starfsmenn sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess. Breytingin mun leiða til þess að lagaumgjörðin verður skýrari fyrir alla hlutaðeigandi aðila, bæði skattyfirvöld og skattaðila. Mikilvægt er að heildarmat fari fram á undirliggjandi samningssambandi við mat á efni þess. Þannig skiptir ekki höfuðmáli heiti samningsins heldur raunverulegt efni hans (e. substance over form). Af því leiðir að ef í raun er um að ræða útleigu á vinnuafli skal skilaskylda notendafyrirtækis vera til staðar þrátt fyrir að heiti samnings beri annað með sér.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að þeim erlendu atvinnufyrirtækjum sem selja þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi (e. Business to Consumer – B2C) verði heimilað að skrá sig með einfaldri skráningu

hér á landi hjá ríkisskattstjóra vegna skila á virðisaukaskatti (e. simplified registration). Um er að ræða sölu erlendra atvinnufyrirtækja á rafrænni þjónustu hingað til lands, svo sem í formi tónlistar, leikja, kvikmynda, bóka og hugbúnaðar, til annarra en atvinnufyrirtækja, til að mynda neytenda og annarra aðila sem stunda ekki atvinnustarfsemi á Íslandi. Samhliða þeirri breytingu er lagt til að þeim erlendu atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi sem og þeim erlendu ferðaþjónustuaðilum sem selja virðisaukaskattsskylda þjónustu hingað til lands til annarra en atvinnufyrirtækja verði jafnframt heimilt að skrá sig með einfaldri skráningu samkvæmt þessari grein. Um er að ræða sölu erlendra atvinnufyrirtækja á framangreindri þjónustu og vörum yfir landamæri hingað til lands. Ef salan á sér stað út frá fastri starfsstöð hér á landi skulu almennar reglur laganna gilda um skráningu og skattskyldu erlendra atvinnufyrirtækja hér á landi.

Með hugtakinu atvinnufyrirtæki er átt við fyrirtæki sem hefur með höndum atvinnurekstur, þ.e. stundar sjálfstæða starfsemi reglubundið í vissu umfangi í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði. Um er að ræða sömu skilgreiningu á hugtakinu og notuð hefur verið í skattfrákvæmd hér á landi. Innlendum eða erlendum umboðsmanni erlends atvinnufyrirtækis eða öðrum þeim sem eru í fyrirsvari fyrir hið erlenda atvinnufyrirtæki skal jafnframt vera heimilt að skrá sig einfaldri skráningu samkvæmt þessari grein. Þegar svo háttar til ber þeim aðilum skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð, sbr. núverandi skyldur umboðsmanna og annarra sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Umboðsmaður eða annar sá aðili sem er í fyrirsvari fyrir erlent atvinnufyrirtæki skal bera óskipta ábyrgð, ábyrgð in solidum, með erlenda atvinnufyrirtækinu á innheimtu og skilum á virðisaukaskatti hér á landi.

Sambærilegar reglur um einfaldað skráningarform og ívilnandi reglur vegna sölu erlendra atvinnufyrirtækja á þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu hafa verið í gildi um árabil í Noregi, sbr. skráningarkerfi þeirra sem ber heitið VOES (e. VAT on electronic services), og hefur reynst vel í framkvæmd. Norsk skattfyrivöld hafa umsjón með kerfinu og í frumvarpi þessu er lagt upp með sama hætti að skráningarkerfið verði hjá ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri mun því líkt og í Noregi hafa umsjón með kerfinu og uppsetningu þess út frá rafrænni þjónustugátt, og mun sjá um samskipti við skattaðila sem og útgáfu leiðbeininga vegna skila erlendra atvinnufyrirtækja, umboðsmanna þeirra eða annarra aðila á virðisaukaskatti hér á landi. Þá hefur verið mikil umræða innan OECD og ESB um kosti einfaldaðs skráningarforms fyrir erlenda seljendur vegna sölu á rafrænni þjónustu á milli landa. Markmiðið með skráningarkerfinu er að takmarka þær skattalegu kröfur sem gerðar eru til erlendra atvinnufyrirtækja vegna sölu á slíkri þjónustu til einstaklinga og þeirra aðila sem stunda ekki atvinnurekstur hér á landi með það að leiðarljósi að stuðla að betri skilum á virðisaukaskatti hjá erlendum seljendum vegna sölu á slíkri þjónustu hingað til lands. Jafnframt er markmiðið að einfalda skil á virðisaukaskatti hér á landi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki erlendis. Með vísan til þess er lagt upp með að almenn veltumörk 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna skuli eiga við þegar um er að ræða skráningu erlendra atvinnufyrirtækja með einfaldri skráningu hér á landi. Af því leiðir að erlend atvinnufyrirtæki sem skrá sig með einfaldri skráningu og selja skattskylda þjónustu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst skulu vera undanþegin skattskyldu. Þannig munu sömu veltumörk gilda um innlenda og erlenda aðila en Noregur hefur farið sömu leið í þeim efnum.

Þá er lagt til að atvinnufyrirtækjum sem skrá sig einfaldri skráningu samkvæmt ákvæðinu verði ekki heimilað að telja til innskatts kostnað af aðföngum vegna sölu á þjónustu hingað til lands (e. the „pay-only“ supplier registration) þar sem vandkvæðum er bundið að hafa eftirlit með þeim kostnaði sem fellur til hjá erlendum aðilum sem stunda rafræna þjónustusölu hingað

til lands. Sú aðferð er notuð hjá meginhluta ríkja OECD sem innleitt hafa einfaldað skráningarkerfi virðisaukaskatts í löggjöf sína. Þess ber þó að geta að erlendum atvinnufyrirtækjum verður eftir sem áður heimilt að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laganna, sbr. reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar.

Gengið er út frá því að ívilnandi reglur gildi um uppgjör, tilhögun bókhalds og tekjuskráningu, gjalddaga, kærur, form og efni sölureikninga o.fl. gagnvart þeim erlendu seljendum sem eru skráðir í einfalt skráningarkerfi hér á landi og að heimilt verði að kveða nánar á um slíkar ívilnanir í reglugerð. Ráðherra er því heimilt að setja ívilnandi reglur fyrir erlenda seljendur vegna þessa. Er slíkt í samræmi við norska löggjöf í þessum efnunum sem og þá stefnumörkun sem OECD hefur lagt upp með vegna einfaldrar skráningar erlendra seljenda á þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja. Einföldun í þessu sambandi skiptir miklu máli að mati OECD til að fyrirtækjum sé ekki íþyngt úr hófi og skilvirkni skattheimtunnar verði sem mest.

Sú einfalda skráning sem um ræðir í ákvæðinu verður valkvæð fyrir erlend atvinnufyrirtæki. Af því leiðir að þau erlendu atvinnufyrirtæki sem selja þá þjónustuliði sem falla undir ákvæðið hafa val um hvort þau skrá sig með einfaldri skráningu samkvæmt ákvæðinu eða með venjubundnum hætti skv. 5. gr. laga nr. 50/1988. Ef erlendu atvinnufyrirtæki ber aftur á móti skylda til þess að innheimta og skila virðisaukaskatti af öðrum þjónustuliðum en þeim þjónustuliðum sem falla undir ákvæðið skal seljandanum eða öðrum þeim aðila sem er í fyrirsvari fyrir seljandann þó ekki heimilt að óska eftir einfaldri skráningu hér á landi. Erlendu atvinnufyrirtæki, umboðsmanni þess og öðrum þeim sem eru í fyrirsvari fyrir erlend atvinnufyrirtæki ber þá að skrá sig á grunnskrá virðisaukaskatts og standa skil á virðisaukaskatti hér á landi með almennum hætti.

Um 4. gr.

Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting á gildandi ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga. Í inngangsmálslið 1. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um að þrátt fyrir meginreglu 5. gr. laganna skuli tollur lækka, falla niður eða endurgreiðast í tilvikum sem tilgreind eru í eftirfarandi töluliðum málsgreinarinnar að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind. Af 6. tölul. leiðir að tollur skal felldur niður af innflutningi stærri tækja, þar á meðal ökutækja til fólksflutninga sem flutt eru til landsins tímabundið. Ákvæðið nær til hópþífreiða að því leyti sem þær falla ekki undir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna en þar er kveðið á um tollfríðindi hópþífreiða sem ferðaskrifstofur eða aðrir sem hafa atvinnu af fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið. Þar er sett það skilyrði að þífreið verði flutt úr landi með þeim ferðamannahópi sem þífreiðin var ætluð í upphafi. Hópþífreiðar sem njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæði framangreinds 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna eru alfarið undanþegnar aðflutningsgjöldum, a.m.k. á meðan þær eru aðeins nýttar til flutnings eins og sama ferðamannahópsins. Tollfríðindi samkvæmt ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga eru ekki háð þessu skilyrði en þau eru hins vegar takmörkuð að því leyti að í ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir fullri niðurfellingu aðflutningsgjalda. Í stað þess að aðflutningsgjöld séu reiknuð af tollverði ökutækis samkvæmt ákvæðum V. kafla tollalaga reiknast þau af leiguverði ökutækisins eða áætluðu leiguverði ef leiguverð liggur ekki fyrir. Hið áætlaða leiguverð samkvæmt gildandi ákvæði ákvarðast sem 1/60 hluti tollverðs ökutækisins fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu ökutækisins til landsins. Sú breyting sem kveðið er á um í a-lið frumvarpsgreinarinnar gerir ráð fyrir þeirri einföldun að heimilt verði að skilgreina fyrir fram áætlaða leigu af hópþífreiðum sem falla undir ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga með auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda. Hið

áætlaða leiguverð mun því nema 1/60 hluta meðaltollverðs innfluttra hópþifreiða sem flokkast hafa í sama tollskrárnúmer síðastliðin þrjú ár. Í tilviki hópþifreiðanna mun aðflutningsgjald nema þannig áætlaðri leigu fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu ökutækisins til landsins. Svo auka megi skilvirkni tollafgreiðslu hópþifreiðanna og innheimtu gjaldanna er einnig lagt til að skylt verði að greiða aðflutningsgjöldin við komu hópþifreiðar til landsins miðað við áætlaða tímalengd notkunar hennar hér á landi. Verði breytingar á þeim tíma sem hópþifreiðin er notuð hér á landi eftir að hún er komin til landsins er gert ráð fyrir að unnt verði að gera mismuninn upp þegar þifreiðin fer frá landinu að nýju.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að nýju þvingunarúrræði verði bætt við tollalög. Úrræðið felst í því að töllyfirvöldum verður heimilt að fjarlægja skráningarmerki af ökutæki sem notið hefur tollfríðinda við innflutning vegna tímabundinnar notkunar hér á landi samkvæmt ákvæðum 4. og 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga. Heimild til nýtingar úrræðisins virkjast ef í ljós kemur að farið hafi verið gegn skilyrðum tollfríðindanna, t.d. ef notkun ökutækisins hér á landi hefur varað lengur en heimilt er eða ef hópþifreið, sem tollar hafa verið felldir niður af á grundvelli ákvæðis c-liðar 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna, er notuð til að flytja annan ferðamannahóp hér á landi en henni var í upphafi ætlað að flytja. Undir þeim kringumstæðum virkjast skyldan til greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt meginreglum 5. og 120. gr. tollalaga. Skráningarmerkið skal ekki afhenda aftur fyrr en rétt ákvörðuð aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Með hliðsjón af sjónarmiðum um skilvirkni tollefirlits og örugga innheimtu aðflutningsgjalda annars vegar og hins vegar aðstæðum við brottför ökutækja sem hafa verið í tímabundinni notkun frá landinu er nauðsynlegt að tryggja eins og kostur er að hægt verði að innheimta þau aðflutningsgjöld sem innflytjendum ökutækja ber réttilega að greiða. Lagt er til að ef þörf krefur geti töllyfirvöld leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd þvingunarúrræðisins. Í 26. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. er kveðið á um að heimilt sé að stöðva ökutæki og færa það til skoðunar ef ástæða þykir til að ætla að brot hafi verið framið gegn ákvæðum laganna. Leiði skoðunin í ljós að svo hafi verið er heimilt að taka skráningarmerki af ökutækinu til varðveislu. Þeir sem njóta tollfríðinda á grundvelli ákvæða 4. og 6. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga hafa veitt upplýsingar um ökutækin eigi síðar en við komu þess til landsins. Óþarft er að sannreyna brot gegn skilyrðum ákvæðanna með skoðun. Af þeim sökum er sérstaklega tekið fram í ákvæði b-liðar frumvarpsgreinarinnar að beita megi þvingunarúrræðinu án þess að skoðun hafi verið gerð á viðkomandi ökutæki.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að ákvæði 1. gr. öðlist gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 2019. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði 3. gr. öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 2019. Er það nauðsynlegt með tilliti til hæfilegs aðlögunartíma og breytinga ríkisskattstjóra á rafrænu skráningarkerfi virðisaukaskatts.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.